

Alþingi
Erindi nr. P 138/946
komudagur 22.1.2010

Reykjavík 21. janúar 2010
Tilv. FLE 4-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 229
mál.**

Með vefpósti dags. 28. desember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.


Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar
FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við
frumvarpið.

Almenn athugasemd:

Ekki kemur nægilega skýrt fram í frumvarpinu hvort ákvæði 56. greinar um að
ekki megi kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki oftar en 5 ár í
röð sé afturvirktt eða ekki. Með öðrum orðum, hvort skipta þurfi um
endurskoðanda hjá váttryggingarfélagi sem hefur verið með sama endurskoðanda
eða endurskoðunarfyrtæki í 5 ár eða lengur þegar lögin öðlast gildi.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE